

Mál nr. 8/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuveitandaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 6.janúar 2025, ásamt fylgiskjöllum.
2. Athugasemdir V, dags 22. janúar 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 3. mars 2025, ásamt fylgiskjöllum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 5. mars 2025.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M varð fyrir líkamstjóni við störf sín hjá X kl. 07:42 þann 16. desember 2022. Í málskoti er slysinu lýst þannig að M hafi verið í starfi sínu fyrir vinnuveitanda að ganga frá tæki til flutnings á vélvagni er hann hrasaði um gaffal á lyftara sem lagt var þar við hliðina á. Við það hafi M slasast. Í tölvupósti frá V til lögmanns M, dags. 20. september 2024, er að finna eftirfarandi lýsingu á atvikum: „Samkvæmt lögregluskýrslu og tjónstilkynningu til SÍ og [V] átti slysið sér stað í porti á athafnasvæði vátryggingartaka að ... kl. 07:42 að morgni og því myrkur úti. Mun hann hafa verið að undirbúa flutning á jarðýtu sem hann hafði lestað á bifreiðina daginn áður, nánar tiltekið að festa á hana blikkljós, gekk meðfram bíl sínum og hrasaði og féll um lyftaragaffla vinnuvélarinnar [A] (skotbómulyftari) þar sem hann sá þá ekki vegna myrkurs. Af ljósmyndum í lögregluskýrslu verður ráðið að gafflarnir hafi vísað upp frá jörðu en ekki legið lárétt á planinu og einnig að vörubifreið tjónpola var lagt mjög nærri göfflum. Við fallið mun hann hafa hlotið úlnliðsbrot, meiðsli á hné og brjósti. Engir sjónarvottar voru að slysinu og tjónpóli sjálfur því einn til frásagnar um atvikið sem slíkt en hann upplýsti samstarfsmenn þó um slysið strax á eftir og aðstæður staðfestar í lögregluskýrslu.“

M telur að X beri ábyrgð á tjóni sínu þar sem rekja megi það til þess að aðstæður á slysstað hafi verið hættulegar þeim sem þangað komu. Lýsingu á svæðinu hafi verið ábótavant auk þess sem ekki hafi verið gengið rétt frá göfflum á umræddum lyftara. Hafi gafflarnir hallað upp á við sem hafi skapað verulega slysahettu fyrir þá sem áttu leið um svæðið. Byggir M á því að X hafi brugðist skyldum sínum samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum. Samkvæmt 13. og 42. gr. þeirra laga skuli vinnuveitandi ganga úr skugga um og tryggja að fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta sé gætt á vinnustað. Þá komi fram í 46. gr. laganna að vélar, tæki og annar búnaður skuli vera þannig úr garði gerður að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Telur M að ekki hafi verið gengið rétt frá göfflum á lyftaranum. Megi rekja tjón M til þeirrar vanrækslu. Í þessu sambandi vísar M til atvikaskýrslu X, dags. 16. desember 2022. Komi þar fram að ræða þurfi við starfsmenn um að ganga betur frá tækjum í porti og sérstaklega passa upp á varðandi tæki með göfflum að þeir standi ekki inn á planið eða vísi upp í loftið. Dregur M þá ályktun af þessari skýrslu að X telji að slys M megi rekja til ófullnægjandi frágangs starfsmanna sinna á umræddum lyftara. Í tengslum við þetta bendir M á að það komi fram á námskeiðsglærum frá Vinnueftirlitinu að ganga eigi þannig frá lyftara að gafflar hans séu niður við jörð. Einnig bendir M á í málskoti að í höfnunarbréfi V, dags. 20. september 2024, viðurkenni félagið að sá starfsmaður sem gekk frá lyftaranum hefði mátt ganga frá göfflum hans á tryggari hátt. M telur því að það liggi fyrir full sönnun þess að tjóns hans verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna X. M byggir einnig á að lýsing á vinnusvæðinu hafi verið ófullnægjandi, en slysið hafi orðið snemma að morgni í svartamyrkri. M segist því ekki hafi séð vel til á slysstað vegna myrkurs. Telur M að myrkrið og léleg lýsing hafi verið meðvirkandi þáttur í því að hann slasaðist. Byggir M á því að það hafi verið vörubílarinnir sem voru í portinu í umrætt sinn en ekki það ökutæki sem M kom á, eins og V heldur fram, sem hafi skyggt á þá litlu lýsingu sem var á svæðinu. Mótmælir M þeim rökum V að sú ákvörðun hans að leggja ökutæki sínu fyrir framan lyftarann hafi dregið úr lýsingunni og þannig valdið þeirri hættu sem leiddi til slyssins. Hnykkir M á þeirri skoðun

sinni að það hafi verið X að tryggja að fullnægjandi birta væri á vinnusvæðinu. Það hafi ekki verið gert. Máli sínu til frekari stuðnings vísar M til fyrirbyggjandi yfirlýsinga vitna þess efnis að lýsing á svæðinu hafi verið ófullnægjandi.

Þá bendir M einnig á að X hafi ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu um slysið með þeim hætti sem um getur í 79. gr. sbr. 2. mgr. 81. gr. laga nr. 46/1980, en M hafi verið fluttur með sjúkrabíl á heilsugæslustöð í kjölfar slyssins. Þá hafi M verið óvinnufær eftir slysið. Fyrirbyggjandi gögn sýna að slysið var tilkynnt til Vinnueftirlitsins 20. desember. Jafnframt liggur fyrir að Vinnueftirlitið rannsakaði slysið ekki frekar. Byggir M á því að framangreint eigi að leiða til þess að X verði að bera halla af skorti á þeim upplýsingum sem ástæða er til að ætla að hefði mátt afla ef slysið hefði verið réttilega tilkynnt og í framhaldinu rannsakað af Vinnueftirlitinu. M telur því að meta eigi allan vafa varðandi upplýsingar um hvað telst sannað um málsatvik X í óhag og víkja til hliðar hinni almennu reglu um að sönnunarbyrði hvíli á tjónþola. M telur sig því hafa sýnt fram á að X beri skaðabótaábyrgð á tjóninu á grundvelli vinnuveitandaábyrgðarreglu. Því beri að bæta tjón M úr ábyrðartryggingu sem X sé með hjá V.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 22. janúar 2025, kemur fram að V hafi hafnað að bæta tjónið úr ábyrgðartryggingu með vísan í afstöðu X. Telur V ósannað að tjón M megi rekja til ófullnægjandi öryggisráðstafanna á athafnasvæðinu, saknæmrar háttsemi eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri skaðabótaábyrgð á. Hvað rök V og X nánar varðar þá er m.a. vísað í tölvupóst frá V, dags. 20. september 2024. Í þeim pósti bendir V m.a. á að umrætt svæði sé fyrst og fremst framkvæmdasvæði á malarplani þar sem aðstæður séu síbreytilegar og aðgát þörf öllum stundum. Þá kemur fram að V telur að umræddum lyftara hafi verið lagt á réttum stað þar sem hann hafi beðið viðgerðar. Ekki liggi hins vegar fyrir hvaða starfmaður X gekk frá lyftaranum eða hvenær það var gert. Þó megi fallast á að ganga hefði mátt frá göfflum lyftarans á tryggari hátt. Hins vegar andmæli X því að lýsingu á svæðinu hafi verið ábótavant þó úti hafi verið myrkur. Bendi X á staðsetningu ljósa á fyrirbyggjandi ljósmynd máli sínu til stuðnings. Þá er byggt á því að M hafi lagt ökutæki sínu, með jarðýtu á pallinum, þvert fyrir framan lyftarann og mjög nálægt honum. Með því hafi hann skyggt á þá birtu sem ljósin veittu. Hafi M þekkt vel til svæðisins og vitað að varhugavert væri að ganga þar um í myrkri þar sem búast mætti við allskonar fyrirstöðum og búnaði auk þess sem um malarplan sé að ræða, þar sem ýmsar ójöfnur og steinar geta verið til staðar. Upplýsir V að X telji að frumorsök slyssins megi rekja til þeirrar hættu sem M hafi sjálfur skapað með því að leggja ökutæki sínu þannig að það dró úr lýsingu og ganga síðan í myrkrinu meðfram bifreið sinni þar sem búast hafi mátt við hindrunum af framangreindum toga. Mótmælti V því að frágangur á gaffli lyftarans hafi verið ástæða slyss M. Þá er jafnframt bent á að X telji að ekki hafi verið nauðsynlegt fyrir M að framkvæma verkið með þeim hætti sem gert var þar sem bifreiðin var staðsett. Að lokum mótmælir V því að víkja skuli frá almennum sönnunarreglum í málinu þar sem bæði liggi fyrir lögregluskýrsla og innanhúsrannsókn X sem staðfesti hvernig aðstæður voru og með hvaða hætti slysið atvikaðist. Ekki verði séð að unnt hefði verið að upplýsa málið nánar með rannsókn Vinnueftirlitsins. Þá heldur V því jafnframt fram að ekki sé ágreiningur um hvernig aðstæðum var háttað á staðnum. V telur því að ekki liggi fyrir skaðabótaábyrgð X vegna slyss M.

Til viðbótar framangreindu bendir V m.a. á það í athugasemdum til nefndarinnar að X fullyrði að lyftarinn hafi verið bílaður og hann hafi réttilega verið geymdur á þeim stað sem raunin var. Ekki sé alltaf kostur á að ganga frá biluðum tækjum með þeim hætti sem venjulega sé gert. Ekki liggi þó fyrir um hvaða bilun var að ræða og hvort hún hafi valdið því að ekki hafi verið hægt að leggja gafflana betur niður. Hins vegar telji X að það sé háttsemi M, en ekki frágangur á lyftaragöfflum, sem sé aðalorsök slyss M. Er ítrekað að M hafi sjálfur lagt flutningabíl sínum með þeim hætti sem raunin var. Er vísað til þess að í málskoti komi fram að bílnum hafi verið lagt þarna kvöldið áður til þess að loka ekki akstursleiðum um svæðið. Með þessu háttalagi hafi M skyggt á þá lýsingu sem hafi verið á svæðinu og með því skapað þær aðstæður sem ollu slysinu. Einnig tekur V fram að X fallist ekki á að aðstæður á vettvangi, þar með talið lýsing, hafi verið ófullnægjandi fyrir alla venjulega umferð og notkun svæðisins. Léleg birtuskilyrði við hlið bílsins verði því eingöngu rakin til skugga frá ökutæki M. Að lokum tekur V fram að málsatvik séu að mestu leyti óumdeilt utan þess að deilt sé um það hvort lýsing hafi verð fullnægjandi. Þá hafi X fullnægt skyldu sinni að kalla til lögreglu sem hafi komið á slysstað og gert skýrslu. Auk þess hafi slysið verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins innan tímamarka í samræmi við reglur. X hafi því ekki vanrækt skyldur sína til að óska eftir rannsókn á slysinu. Þá telji V að ekkert bendi til þess að vettvangsrannsókn Vinnueftirlits hefði bætt einhverju við sem máli skipti varðandi

sönnunarkröfur í málinu, sem ekki hafði verið hægt að bæta úr síðar af hálfu M. V ítrekar að lokum þá afstöðu sína að hafna beri bótkröfum M í málinu, þar sem slys M verði rakið til óhappatilviljunar eða aðgæsluleysis M.

Í málskoti er þeim rökum hafnað að slys M verði fyrst og fremst rakið til þeirrar ákvörðunar hans að leggja flutningabifreið sinni á þeim stað sem raunin var. Bendir M á að portið hafi nánast verið fullt er hann lagði bílnum og hann því ekki átt um neinn annan stað að velja. Þá mótmælir M því einnig að hann hafi mátt búast við hindrunum eins og raunin varð. Frágangurinn á lyftaragöfllum hafi verið ófullnægjandi og M hafi ekki mátt búast við að sú væri raunin. M mótmælir einnig þeirri fullyrðingu að lyftarinn hafi verið á leið í viðgerð og verið réttilega lagt. Telur M að hvort tveggja sé rangt.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 3. mars 2025, ítrekar M sín fyrri rök m.a. hvað varðar fráganginn á göfllum lyftarans og þá staðreynd að V hafi viðurkennt að sá frágangur hafi verið ófullnægjandi. Til viðbótar bendir M á að tiltekin háttsemi þurfi ekki að vera meginorsök tjóns til þess að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt. Þá hafnar M því að háttsemi hans sé aðalorsök slyssins.

Í viðbótarathugasemdum V, dags. 5. mars 2025, er tekið undir að ekki hafi verið gengið frá göfllum lyftarans eins og best hefði verið á kostið. Varðandi mat á saknæmi þeirrar háttsemi þurfi hins vegar að mati V að líta til þess að ekki sé um að ræða gönguleið heldur geymslusvæði, m.a. fyrir vinnuvélar, sem í mörgum tilvikum séu bilaðar og bíði viðgerðar. Það kalli á sérstaka varkárni af hálfu þeirra sem fari um svæðið.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Í tilvikum vinnuslysa getur þó sú tilkynningarskylda sem hvílir á vinnuveitanda eftir atvikum haft áhrif á það hvaða atvikalýsingu ber að leggja til grundvallar við mat á því hvort um saknæma háttsemi hafi verið að ræða. Af gögnum málsins verður í raun ekki dregin sú ályktun að raunverulegur ágreiningur sé um það hvernig slysið sjálft atvikaðist. Hins vegar er talsverður ágreiningur um atriði sem lúta að aðstæðum á slysstað, t.d. hvernig lýsingu var háttað.

Í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum segir eftirfarandi: „Atvinnurekandi skal án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings.“ Eins og að framan greinir var M fluttur með sjúkrabíl á heilbrigðisstofnun í kjölfar slyssins. Þá liggur fyrir í málinu læknisvottorð, dags. á slysdegi, þar sem fram kemur að M sé óvinnufær og ekki ljóst hve lengi svo muni verða. Einnig kemur fram í vottorðinu að M hafi verið settur í gips á hægri úlnlið og áætlaður tími í gipsi sé 4-6 vikur.

Eins og áður hefur komið fram var Vinnueftirlitinu tilkynnt um slys M 20. desember 2022, en slysið átti sér stað fjórum dögum fyrr. Ekki fór fram frekari rannsókn á slysinu af hálfu Vinnueftirlitsins. Þó X hafi vissulega látið lögreglu strax vita af slysinu og sent tilkynningu um það til Vinnueftirlitsins fjórum dögum eftir slysdag, felur það ekki í sér að mati nefndarinnar að X hafi fullnægt skyldu sinni til að stuðla að því að slysið sé rannsakað með fullnægjandi hætti. Nefndin telur því að framangreindur dráttur og sú staðreynd að Vinnueftirlitið rannsakaði ekki tildrög slyssins frekar, hafi gefið X ástæðu til að hlutast til um að málsatvik yrðu nánar upplýst. Það gerði X ekki. Telur nefndin jafnframt ástæðu til að ætla að ef X hefði hlutast til um að fullnægjandi rannsókn á tildrögum slyssins hefði farið fram strax í kjölfar þess, hefði mátt skýra framangreinda mynd betur, m.a. hin umdeildu atriði sem snúa að lýsingu á slysstað. Sú var ekki raunin, nokkuð sem veldur því að málatalbúnaður aðila felur að nokkru leyti í sér orð gegn orði.

Nefndin telur að af framangreindu megi draga þá ályktun að X hafi ekki uppfyllt kröfur 1. mgr. 79. gr. framangreindra laga um að tilkynna beri um slys án ástæðulausrar tafar. Þegar svo háttar til og

ágreiningur er uppi í máli um atvik máls, getur vanrækslan leitt til þess að frásögn þess sem hefur orðið fyrir tjóni verði lögð til grundvallar í málinu. Nefndin telur að sú sé raunin í tilvikinu M. Því beri að leggja frásögn hans um atvik máls og aðstæður á slysstað til grundvallar mati á því hvort bótaskilyrði teljist uppfyllt. Það þýðir þó ekki sjálfkrafa að það teljist sannað að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi. Í því mæli sem ágreiningur um málsatvik og aðstæður á slysstað snýr að atriðum sem ástæða er til að ætla að hefði mátt upplýsa betur með slíkri rannsókn verður X því að mati nefndarinnar að bera hallann. Nefndin nefnir m.a. sérstaklega þann ágreining sem uppi er um lýsingu á slysstað og hverjum var þar um að kenna. Af framangreindri umfjöllun telur nefndin því ljóst að nokkuð skorti upp á að málsatvik liggi nægjanlega ljós fyrir. Eins og áður hefur verið gerð grein fyrir telur nefndin að á því verði X að bera hallann.

Nefndin telur að við mat á því hvort slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi sem X beri skaðabótaábyrgð á, beri að miða við að M hafi í umrætt sinn verið að vinna við frágang á jarðýtu á palli flutningabifreiðar er hann hrasaði um gaffal á lyftara sem langt var nálægt flutningabílnum. Slys M verði rakið til þess að lýsing á slysstað hafi verið ábótavant og að frágangur á göfllum á umræddum lyftara ófullnægjandi. Nefndin telur það hins vegar ósannað að orsök þess að lýsing á slysstað hafi verið ábótavant verði rakin til þeirrar ákvörðunar M að leggja flutningabifreiðinni á þeim stað sem hann gerði. Það sé X að sýna fram á framangreint. Sú sönnun hafi ekki tekist.

Í 13. og 42. gr. laga nr. 46/1980 kemur fram að vinnuveitanda ber að tryggja að vinnustaður sé þannig úr garði gerður, að þar sé gætt fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Nefndin telur að framangreind lýsing sem nefndin hefur lagt til grundvallar í þessu máli sýni fram á að X hafi ekki uppfyllt framangreindar lögfestar skyldur. Tjón M verður því rakið til saknæmrar háttsemi sem X ber skaðabótaábyrgð á. M á því rétt á að fá tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu þeirri sem X er með hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 25. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir